

TUTTUGASTA OG FYRSTA TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 97/45/EB

frá 14. júlí 1997

um aðlögun að tækniframförum á II., III., VI. og VII. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/1/EB⁽²⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,
að höfðu samráði við vísindanefndina um feegrunarfræði,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt fyrirliggjandi vísindagögnum er magn fjölarómátískra kolvetna (PAHs) í hreinsaðri koltjöru svipað og magn fjölarómátískra kolvetna í hrárrí koltjöru. Ýmsar rannsóknir hafa sýnt að fjölarómátísk kolvetni síast inn í húð sem verður fyrir áhrifum af koltjöru og kann það að valda húðkrabba eða leiða til kerfistengdrar krabbamyndunar. Mörg fjölarómátísk kolvetni eru krabbavaldandi erfðaeitur og þar sem ekki er auðhlaupið að því að fastsetja öryggisstig ber að banna notkun hrárrar og hreinsaðrar koltjöru í snyrtivörur.

Aftur á móti hefur eiturefnafræðilegt mat á bensenóníumklóríði, byggt á nýjum gögnum úr iðnaði, leitt í ljós að hægt er að setja viðunandi öryggismörk svo framarlega sem notkun efnisins takmarkast við rotvarnarefni, styrkur þess er takmarkaður og sömuleiðis sá tími sem snertingin við húðina varir.

Á grundvelli nýjustu vísinda- og tæknirannsókna er heimilt að nota oktylmetoxýsinnamat sem útfjólublátt geislasúefni í snyrtivörur.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 76/768/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, að því er varðar efnin sem um getur í viðaukanum, til að tryggja að hvorki framleiðendur né innflytjendur með staðfestu innan bandalagsins geti, frá 1. júlí 1998, markaðssett vörur sem standast ekki kröfur þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftir 30. júní 1999 verði hvorki hægt að selja né láta af hendi við neytendur vörurnar sem um getur í 1. mgr. ef þær innihalda efnin sem um getur í viðaukanum.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglum um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. júlí 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 16, 18. 1. 1997, bls. 85.

VIÐAUKI

Viðaukunum við tilskipun 76/768/EBE er breytt sem hér segir:

1. II. viðauki:

Eftirfarandi tilvísunarnúmer 420 bætist við:

„420. Hrá og hreinsuð koltjara“

Eftirfarandi tilvísunarnúmer 415 falli niður:

„415. Díísóbútýl-fenoxý-etoxy-etylídímetylbensýl-ammóníumklóríð (bensetoníumklóríð)“

2. VI. viðauki:

a) 1. hluti:

Eftirfarandi tilvísunarnúmer bætist við:

| a | b | c | d | e |
|-----|-------------------|------|---|---|
| „53 | Bensetoníumklóríð | 0,1% | Má aðeins nota í vörur sem skola á burt eftir notkun“ | |

b) 2. hluti:

Við tilvísunarnúmer 16, 21 og 29 komi „30. 6. 1998“ í stað „30. 6. 1997“.

3. VII. viðauki:

a) 1. hluti:

Eftirfarandi tilvísunarnúmer bætist við:

| a | b | c | d | e |
|-----|---------------------|------|---|---|
| „12 | Oktylmetoxýsinnamat | 10%“ | | |

b) 2. hluti:

— Tilvísunarnúmer 13 falli niður.

— Við tilvísunarnúmer 2, 5, 6, 12, 17, 25, 26, 29 og 32 komi „30. 6. 1998“ í stað „30. 6. 1997“.